

Stefnumót við náttúruna

HUGMYNDAHEFTI/FRUMATHUGUN 01/REYKJAVÍK/DES 2010

Þjónustueiningar.

Vistvænir áningastaðir á vinsælum
ferðamannastöðum á landsvísu.

Náttúra og byggingarlist.


Tengja saman vistvæna hugsun og
hönnun við raunverulega þörf fyrir
nýja áningastaði.





STAÐSETNING

Forsögn þjónustueininga, mismunandi eftir stærð, staðsetningu og formi.




HUGMYNDAFRÆÐI

Markmið verkefnisins byggist á því að koma fyrir vistvænum áningastaðum á vinsæla ferðamannastaði/áningastaði á landsvísu. Viðfangsefnið er stórt, en hugmyndin er að laða innlenda sem erlenda ferðamenn í meira mæli nær náttúrunni, koma á tengslum við náttúruna í stað þess að sjá sveitna, héraðið í gegnum bílrúðuna.

Fjöldinn allur af ferðamönnum leggur leið sína um vegi landsins en aðstaða og upplýsingar á vegum úti eru af skornum skammti. Grunnástaða er oftast en ekki á staðnum, þá mjög fábrotin. Stefnumót er hinn nýi áningastaður við landið, nokkurs konar þjónustueining þar sem ferðamenn geta fræðst, átt möguleika á að setjast niður, fara á salerni, fá sér nestisbita og átt stefnumót við landið.

Stefnumót er hugsað sem samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Arkís arkitektastofu, sveitarfélags og annarra hagsmunaaðila um "styrkingu náttúru og byggingarlistar í senn." Nýnæmi hugmyndarinnar felst í því að tengja saman vistvæna hugsun og hönnun við raunverulega þörf fyrir nýja áningastaði og nýta kraffa innan hvers sveitarfélags til atvinnuskapandi átaks.



Vistvænni nálgun

Með vistvænni byggingu er átt við þau áhrif sem byggingin hefur á umhverfið sitt og íbúa.

HÖNNUN

Hugað að vistvænni nálgun strax í hönnunarferli

Í BYGGINGU

- Lámarka útgröft fyrir húsið.
- Sjá til þess að landið umhverfis útgröft skaðist sem minnst.
- Minnka vinnusvæði.
- Nýta útgröft eða hafa jarðvegsbing nálægt.
- Flokka úrgang á byggingartíma, notast við gáma til flokkunnar endurnýtanlegs og óendurnýtanlegs úrgangs.

BYGGINGAREFNI

- Nota náttúruleg efni, þ.e.a.s timbur bæði inni og úti - "timbur sem þarf ekki að viðhalda t.d lerki"
- Nota gólfefni sem eru slitsterk og þurfa lítið viðhald t.d hellur.
- Gluggapóstar - "tré".
- Allt burðarefni í húsunum er tré.
- Sjá til að lagnaleiðir sé stuttar. (Vera með lekavara og einstreymis rofa sem hægt er að loka fyrir).
- Vanda skal val á blöndunartækjum, og klósettum.
- Rafmagnstæki - huga að rofum og vera með photosellur/sólúr eða rofa sem slökkva sjálfvirk.
- Möguleiki á að vera með sólarcellur á þaki.

RESKSTUR

- Mikilvægt! er að sjá til þess að "vistvænni hugsun" sé haldið áfram.
- Flokkun á sorpi.
- Vakta notkun á rafmagni.
- Minnka vatnsnotkun - mikilvægt.
- Velja rafmagnstæki samkv. orku notkun.
- Loftgæði, náttúrulegloftþræsing
- Ljós-gæði.

Með vistvænni hönnun er leitast við að minnka losun úrgangs, varðveita auðlindir, draga úr kolefnis losun, bæta hönnun á lagnakerfum, velja viðhalds frí efni, bæta loftgæði og draga úr orkunotkun.


Íslensk nálgun - vistvæn hugsun

Leitast yrði eftir fremsta megni að nota vistvæn efni, svo sem tré, steypu og torf. Einnig yrði hugað að flokkun á sorpi með vistfræðilegum áherslum. Mögulegt væri að fá vistvæna vottun á þessa áningastaði.

Aðalbyggingarefni kjarnanna yrði t.d lerki timbur sem er vistvænt byggingarefni, en lerki er harðgerft og þarfnast lítils viðhalds. Gert er ráð fyrir að allt mannvirkið verði hannað og byggt úr hagkvæmum og meðfærilegum einingum. Þær yrðu framleiddar í heimabyggð og verkefnið því atvinnuskapandi.



Vistvæn sjónarmið með áherslu á íslenska arfleið, sem væri atvinnuskapandi fyrir heimabyggð





Þjónustueining grunnur a

Grunneiningar eru allar í módúl stærð 2,4m*2,4m*2,5m



Grunneining "módúl" stærð


Þjónustueiningar þessar geta hýst, eftir því sem við á, salerni, geymslu, aðstöðu starfsmanna, fasta bekki og föst borð, auk upplýsingaveggs. Þar væri yfirbyggt rými sem veitir skjóli fyrir veðri og vindum sem væri óneitanlega góður kostur.



Þjónustueining grunnur b



Þjónustueining grunnur c




Þjónustueining grunnur d

Margbreytilegar samsetningar, grunneining alltaf sú sama.




Aðlögun að landi
Byggt inn í land




Útlit
Fjölbreyttir möguleikar með efni

Grunneining 1

Minnsta einingin með upplýsingastandi, setsvæði, salerni sem er einnig fyrir fatlaða




Grunmynd



G1



Útlit
Grunneiningr vs. og
setsvæði



Útlit
Þak og upplýsingatafla




Útlit
Aðkoma


MISMUNANDI ÞARFIR

Á fjölsóttum ferðamannastöðum eru mismunandi þarfir, allt fer þetta eftir staðsetningu og aðstæðum á hverjum stað fyrir sig. Á einum stað er þörf á aðstöðu fyrir starfsmenn, salerni, geymslu, upplýsingavegg og aðstöðu til að setjast niður. Á öðrum stað er einungis þörf á upplýsingavegg og salerni. Mismunandi staðir kalla á mismunandi þarfir, því eru þjónustueiningarnar mismunandi þannig að hægt sé að koma fyrir sérsníðinni aðstöðu með mismörgum einingum eftir þörfum og væntingum hvers staðar. Gerð er ráð fyrir að einingarnar verði fluttar að mestu fullgerðar á staðinn. Þar yrðu þær festar niður á tilbúna undirstöður. Hellulögn eða annar sambærilegur frágangur tekur tillit til staðháttar og álags með áherslu á umhverfisaðlögun og verndun nærliggjandi umhverfis.

Markmið hugmyndarinnar er að nýta íslensk efni eftir því sem kostur er og sækja innblástur í íslenska byggingarhefð. Vistvæn hönnun og hugsun er lykilorð og áhersla lögð á nýsköpun við útfærslu og framkvæmd verkefnisins.




Aðlögun að landi
Frístandandi



Útlit
Fjölbreyttir möguleikar með efni

Grunneining 2

Grunneining með upplýsingastandi, setsvæði, salerni fyrir fatlaða og tvö önnur salerni.




Grunnmynd

Upplýsingastandur
Setsvæði
Salerni


Vistvæn sjónarmið
Sorp



Útlit
Grunneining vs. og
setsvæði



Aðlögun að landi
Þjóðvegur



Útlit
Fjölbreyttir möguleikar með efni


Útlit
Þak og upplýsingatafla

Grunneining 3


Stærsta grunneiningin, upplýsingastandur, setsvæði, geymsla, salerni fyrir fatlaða og tvö önnur salerni.



Útlit
Aðkoma




Grunnmynd






Útlit
Grunneining vs. og
setsvæði



Útlit
Þak og upplýsingatafla




Útlit
Aðkoma



Grunneining 4, sértækri lausn


Stærsta einingin þar sem einnig er möguleiki á lítilli
verslun ásamt starfsmanni



G4



Útlit
Grunneining lífil verslun



Grunneining

Unnið með grunneiningu á mismunandi hátt, þar sem undirlag, hurðir, föstborð og stólar eru að skapa karakter.




Útlit
Þak setsvæði




Staðhættir

Einingarar gefa möguleika á að vinna með hverja og eina á annan hátt, arkitektar, landslagsarkitektar og umhverfi geta skapað nýjar rýmdir, nýform eftir breytileika og umbroti lands og staðháttá.



Breytileiki eininga



Útlit
Aðkoma



Einingarnar geta því verið breytilegar í lögun, þótt stærð og forsögn sé sú sama.



Ferill ákvörðunartöku



Ferill hönnunar



Upplýsingastandar

Mikilvægi upplýsinga nú á dögum er ótvírætt, því er upplýsingaveggurinn mikilvægur hlekkur í þjónustueiningunni, þar verða upplýsingar um sjálfan staðinn, vistræðileg tengsl, skordýr, dýr, gróður, blóm, kort, texti sem skýrir sögu og sérstöðu staðarins (jarðfræði, saga, tilvísun í Íslendingasögurnar og fl.) og gönguleiðir. Hér væri einnig stærra kort sem sýndi athyglisverða staði í nágrenninu. Upplýsingastandurinn væri einnig vettvangur til að markaðssetja ferðamannþjónustu í sveitarfélaginu.


Þarfagreining þjónustuefninga

hönnun + verkkaupi = staðhættir

umhverfið + staðhættir = efnisval

efni + umhverfi = hönnun

Stefnumót við náttúruna



Stefnumót við náttúruna

